

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/1284****2021/EES/66/03****frá 29. júlí 2019****um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Hong Kong jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins
og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (1),
einkum 6. mgr. 5. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 er framkvæmdastjórninni veitt vald til að samþykkja jafngildisákvörðun ef laga- og eftirlitsrammi þriðja lands tryggir að lánshæfismatsfyrirtæki sem hafa starfsleyfi eða eru skráð í því þriðja landi fari að lagalega bindandi kröfum sem settar eru fram í þeirri reglugerð og sem falla undir skilvirkt eftirlit og framfylgd í því þriðja landi.
- 2) Tilgangurinn með þessari jafngildisákvörðun er að gera lánshæfismatsfyrirtækjum frá Hong Kong kleift, að því marki sem þau eru ekki kerfislega mikilvæg fyrir fjármálastöðugleika eða heilleika fjármálamarkaða í einu eða fleiri aðildarríkjum, að sækja um vottun hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni. Þessi jafngildisákvörðun býður upp á þann möguleika fyrir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina að meta þessi lánshæfismatsfyrirtæki í hverju tilviki fyrir sig og til að veita undanþágu frá sumum af þeim skipulagskröfum sem gerðar eru til lánshæfismatsfyrirtækja sem starfa í Evrópusambandinu, þ.m.t. frá kröfunni um raunaðstöðu í Evrópusambandinu.
- 3) Til að teljast jafngildur þarf laga- og eftirlitsrammi þriðja lands að uppfylla að lágmarki skilyrðin þrjú sem sett eru fram í 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009.
- 4) Framkvæmdastjórnin samþykkti 28. apríl 2014 framkvæmdarákvörðun 2014/249/ESB (2), skoðaði hvort þessi þrjú skilyrði væru uppfyllt og mat það svo að laga- og eftirlitsrammi Hong Kong um lánshæfismatsfyrirtæki jafngildi kröfunum í reglugerð (EB) nr. 1060/2009 sem voru í gildi á þeim tíma.
- 5) Samkvæmt fyrsta skilyrðinu sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 þurfa lánshæfismatsfyrirtæki í þriðja landi að hafa starfsleyfi eða vera skráð og lúta einnig skilvirku eftirliti og framfylgd á viðvarandi grundvelli. Laga- og eftirlitsrammi Hong Kong krefst þess að lánshæfismatsfyrirtæki og greinendur þeirra sem veita lánshæfismatsþjónustu í Hong Kong verði að hafa leyfi til að veita lánshæfismatsþjónustu og falla undir eftirlit nefndarinnar um verðbréf og framtíðarsamninga í Hong Kong (e. *Securities and Futures Commission (SFC) of Hong Kong*). Laga- og eftirlitsrammi Hong Kong veitir nefndinni um verðbréf og framtíðarsamninga í Hong Kong víðtækar heimildir sem gera henni kleift að rannsaka hvort lánshæfismatsfyrirtæki uppfylla lagalegar skuldbindingar sínar. Nefndin um verðbréf og framtíðarsamninga í Hong Kong getur þvingað bæði aðila sem lúta ekki eftirliti og eftirlitsskylda aðila til að leggja fram upplýsingar og gögn sem varða rannsóknina, þ.m.t. skrár yfir viðskipti, bankayfirlit, símtalaskrár, skrár yfir netnotkun og upplýsingar um raunverulegt eignarhald. Þetta vald gildir bæði um aðila sem eru til rannsóknar eða sem nefndin um verðbréf og framtíðarsamninga í Hong Kong hefur rökstuddan grun um að búi yfir upplýsingum sem varða rannsóknina. Þar að auki skal nefndin um verðbréf og framtíðarsamninga í Hong Kong, ef óttast er að sönnunargögn verði skemmd eða fjarlægð, að grunaðir flyi eða ef aðrar áhyggjur vakna, hafa vald til að fara inn á athafnasvæði í einkaeigu bæði aðila sem falla ekki undir eftirlit og eftirlitsskyldra aðila að fenginni leitarheimild frá dómsyfirvaldi. Auk þess hefur nefndin um verðbréf og framtíðarsamninga í Hong Kong fullt vald til að grípa til refsí-, einkaréttar- eða stjórnsýsluadgerða og annarra aðgerða. Þar á meðal er stjórnsýsluheimild til að beita refsiaðgerðum gegn aðilum sem hafa leyfi eða eru skráðir hjá nefndinni um verðbréf og framtíðarsamninga í Hong Kong, beita takmörkunum á aðila sem hafa leyfi eða eru skráðir að því er varðar atvinnustarfsemi þeirra, afturkalla eða fella tímabundið úr gildi leyfi eða skráningu aðila sem hefur leyfi eða er skráður og til að áminna, skylda eða sekta aðilann sem hefur leyfi eða er skráður. Nefndin um verðbréf og framtíðarsamninga í Hong Kong hefur valdheimild til að sækja um lögbann eða úrbótaaðgerða til viðeigandi dómstóls. Nefndin um verðbréf og framtíðarsamninga í Hong Kong framkvæmir, til viðbótar við vettvangsskoðanir, skoðanir utan vettvangs með samskiptum við lánshæfismatsfyrirtæki,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 201, 30.7.2019, bls. 43. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 310/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 14, 5.3.2020, bls. 69.

(1) Stjttíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 1.

(2) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/249/ESB frá 28. apríl 2014 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Hong Kong jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (Stjttíð. ESB L 132, 3.5.2014, bls. 76).

sem hafa leyfi, í því skyni að skilja viðskiptalíkön þeirra og áætlanir og áhættu sem felst í slíkri starfsemi, með það í huga að greina og meta áhættu sem stafar af atvinnustarfsemi þeirra. Upplýsingum um lánshæfismatsfyrirtæki sem hafa leyfi er safnað með skráningum hjá nefndinni um verðbréf og framtíðarsamninga í Hong Kong, þ.m.t. en ekki takmarkað við árleg endurskoðuð reikningskil og árlegar eftirlitsskýrslur. Nefndin um verðbréf og framtíðarsamninga í Hong Kong fylgir eftir kvörtunum og brotum sem fyrirtækin greina sjálf frá. Í samstarfssamningi Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og nefndarinnar um verðbréf og framtíðarsamninga er kveðið á um upplýsingaskipti að því er varðar framfylgdar- og eftirlitsráðstafanir með lánshæfismatsfyrirtækjum sem starfa yfir landamæri.

- 6) Samkvæmt öðru skilyrðinu sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 skulu lánshæfismatsfyrirtæki í þriðja landi falla undir lagalega bindandi reglur sem eru jafngildar þeim sem settar eru fram í 6. til 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 og I. viðauka við þá reglugerð. Laga- og eftirlitsrammi Hong Kong mælir fyrir um ítarlegar kröfur um stjórnarhætti fyrirtækja. Stjórnin og starfsmenn sem bera ábyrgð á eftirlitsskyldri starfsemi bera meginábyrgð á að tryggja viðhald viðeigandi viðmiðana á háttsemi og að lánshæfismatsfyrirtæki fylgi viðeigandi verklagi. Lánshæfismatsfyrirtæki skulu hafa tvo ábyrgðarfulltrúa, sem báðir skulu hafa hlotið samþykki nefndarinnar um verðbréf og framtíðarsamninga í Hong Kong, og a.m.k. annar þeirra skal vera framkvæmdastjóri samkvæmt reglugerðinni um verðbréf og framtíðarsamninga (SFO). Víðtæk ákvæði er að finna um hagsmunaárekstra þar sem þess er krafist að lánshæfismatsfyrirtæki auðkenni og felli niður eða stýri hagsmunaárekstrum og að skipulag þeirra tryggi að viðskiptahagsmunir þeirra skaði ekki óhæði og nákvæmni lánshæfismata þeirra, og skipulagskröfur, þ.m.t. útvistun, skráhald og trúnaðarkvöð. Lánshæfismatsfyrirtæki verða að uppfylla skipulagskröfur, s.s. þær sem varða stefnur og verklag til að tryggja hlítungu við lagaskyldur og varanlega og skilvirka regluvörslu. Þess er einnig krafist að lánshæfismatsfyrirtæki komi á endurskoðunarsviði sem beri ábyrgð á reglubundinni endurskoðun á matsaðferðum og líkönunum og verulegum breytingum á þeim. Laga- og eftirlitsrammi Hong Kong felur í sér fjölmargar birtingarkröfur, s.s. opinbera birtingu mats og árlega opinbera birtingu á mats- og stoðstarfsemi. Laga- og eftirlitsrammi Hong Kong telst jafngilda reglugerð um lánshæfismatsfyrirtæki varðandi stýringu hagsmunaárekstra, skipulagskröfur, gæði matsins og aðferð við mat, birtingu lánshæfismats og almenna og reglulega birtingu á lánshæfismatsstarfsemi. Því ætti ramminn að veita jafngilda vernd með tilliti til heilleika, gagnsæis, góðra stjórnarháttá lánshæfismatsfyrirtækja og áreiðanleika lánshæfismatsstarfsemi.
- 7) Samkvæmt þriðja skilyrðinu, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009, verður reglakerfi í þriðja landi að koma í veg fyrir afskipti eftirlitsyfirvalda og annarra opinberra yfirvalda þess þriðja lands af efnisinntaki lánshæfismats og aðferðum. Engin lagaákvæði eru fyrir hendi sem veita nefndinni um verðbréf og framtíðarsamninga í Hong Kong eða neinu öðru opinberu yfirvaldi vald til að hafa áhrif á innihald lánshæfismats eða aðferðafræðina sem er notuð.
- 8) Laga- og eftirlitsrammi Hong Kong uppfyllir ennþá skilyrðin þrjú sem upphaflega var mælt fyrir um í 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009. Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 462/2013⁽³⁾ voru þó gerðar viðbótarkröfur til lánshæfismatsfyrirtækja sem skráð eru í Sambandinu um að herða laga- og eftirlitsfyrirkomulag um þessi lánshæfismatsfyrirtæki. Þessar viðbótarkröfur hafa m.a. að geyma lagalega bindandi reglur fyrir lánshæfismatsfyrirtæki um matshorfur, stýringu hagsmunaárekstra, trúnaðarkvöð, gæði aðferðafræði fyrir lánshæfismat og framsetningu og birtingu lánshæfismata.
- 9) Samkvæmt b-lið 1. liðar annarrar málsgreinar 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 462/2013 gilda viðbótarkröfurnar í þeim tilgangi að meta jafngildi laga- og eftirlitsramma þriðja lands frá 1. júní 2018.
- 10) Í ljósi þessa óskaði framkvæmdastjórnin 13. júlí 2017 eftir ráðgjöf frá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um jafngildi laga- og eftirlitsramma m.a. Hong Kong við þessar viðbótarkröfur sem innleiddar voru með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 og álitu hennar á því hvort um væri að ræða einhvern efnislegan mismun.
- 11) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin gaf í tækniráðgjöf sinni 17. nóvember 2017 til kynna að laga- og eftirlitsrammi Hong Kong að því er varðar lánshæfismatsfyrirtæki hefði að geyma fullnægjandi ákvæði til að uppfylla viðbótarkröfurnar sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 462/2013.
- 12) Í w-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins (ESB) nr. 462/2013 er sett fram skilgreining á matshorfum og í reglugerð (EB) nr. 1060/2009 eru tiltekna kröfur sem gilda um lánshæfismöt rýmkaðar til að ná yfir matshorfur. Þrátt fyrir að laga- og eftirlitsramminn í Hong Kong viðurkenni ekki sérstaklega matshorfur sem aðgreindan og sérstakan lið lánshæfismats væntir nefndin um verðbréf og framtíðarsamninga í Hong Kong þess, að teknu tilliti til breiðrar skírskotunar hugtaksins „lánshæfismat“ samkvæmt laga- og eftirlitsramma Hong Kong, að gerð matshorfa fylgi öllum sömu kröfum og lánshæfismöt.

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 462/2013 frá 21. maí 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (Stjtið. ESB L 146, 31.5.2013, bls. 1).

- 13) Með það fyrir augum að auka skilning á óhæði lánshæfismatsfyrirtækja gagnvart þeim aðilum sem eru metnir, rýmkar reglugerð (ESB) nr. 462/2013, með 6. gr. (4. mgr.), 6. gr. a og 6. gr. b í reglugerð (EB) nr. 1060/2009, gildissvið reglnanna um hagsmunaárekstra af völdum hluthafa eða aðila sem gegna mikilvægri stöðu innan lánshæfismatsfyrirtækisins. Laga- og eftirlitsrammi Hong Kong krefst þess að lánshæfismatsfyrirtæki komi á fót viðeigandi og skilvirku fyrirkomulagi til að koma í veg fyrir, greina og eyða eða stýra og birta upplýsingar um hagsmunaárekstra og tryggja að viðskiptatengsl hafi ekki áhrif á þau. Þrátt fyrir að engin skýr tilvísun í hluthafa sé að finna í löggjöf Hong Kong er lánshæfismatsfyrirtæki bannað að stunda starfsemi ef til hagsmunaárekstra kann að koma.
- 14) Með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 eru innleidd ný ákvæði til að tryggja að trúnaðarupplýsingar séu aðeins notaðar í tilgangi sem tengist lánshæfismatsstarfsemi og séu verndaðar fyrir svikum, þjófnaði eða misnotkun. Í þeim tilgangi er þess krafist skv. 2. mgr. a í 10. gr. reglugerð (EB) nr. 1060/2009 að lánshæfismatsfyrirtæki meðhöndli öll lánshæfismöt, matshorfur og tengdar upplýsingar sem innherjaupplýsingar þar til þær eru birtar. Með því að gera ítarlegar kröfur er með laga- og eftirlitsramma Hong Kong krafist að lánshæfismatsfyrirtæki samþykki verklagsreglur og kerfi til að vernda trúnaðarupplýsingar í tengslum við útgefendur. Þannig að trúverðugur rammi sé fyrir hendi sem verndar gegn misnotkun trúnaðarupplýsinga.
- 15) Reglugerð (ESB) nr. 462/2013 miðar að því að auka gagnsæi og gæði aðferðafræði mats. Í 3. mgr. undirþáttar I D-hluta I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 er kveðið á um að lánshæfismatsfyrirtæki sé skylt að veita þeim aðila sem metinn er tækifæri til að tilgreina mögulegar staðreyndavillur fyrirfram áður en lánshæfismat eða matshorfur eru birtar opinberlega. Með því að láta matið sem sent verður á markaðinn vera tafarlaust rétt hærra inniheldur laga- og eftirlitsrammi Hong Kong engar strangar kröfur til lánshæfismatsfyrirtækja um að upplýsa þann aðila sem metinn er um lánshæfismat áður en það er birt opinberlega. Í reynd er lánshæfismatsfyrirtækjum eingöngu skylt að upplýsa þann aðila sem metinn er um mikilvægar upplýsingar og helstu athugunarefni sem matið verður byggt á þegar því verður við komið og við hæfi.
- 16) Með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 eru innleiddar verndarráðstafanir í 5. mgr. a, aa- og ab-lið 6. mgr. og 7. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 til að tryggja að hvers konar breytingar á matsaðferðafræði hafi ekki í för með sér léttvægari aðferðafræði. Laga- og eftirlitsrammi Hong Kong krefst þess að lánshæfismatsfyrirtæki birti að fullu og opinberlega allar verulegar breytingar á aðferðafræði sinni. Þar að auki krefst hann að lánshæfismatsfyrirtæki birti slíkar verulegar breytingar fyrirfram áður en þær taka gildi, þegar því verður við komið og við hæfi. Ef breytingar verða á aðferðafræði, líkönum eða helstu forsendum mats sem stuðst er við þegar lánshæfismat er undirbúið er þess krafist að lánshæfismatsfyrirtæki birti strax líklegt umfang lánshæfismata sem verða fyrir áhrifum með því að nota sömu samskiptaleiðir og notaðar voru við dreifingu lánshæfismatanna sem verða fyrir áhrifum.
- 17) Með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 eru kröfurnar varðandi framsetningu og birtingu lánshæfismata auknar. Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. og 2. mgr. a í I. undirþætti D-þáttar I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 skal lánshæfismatsfyrirtæki láta fylgja með við birtingu matsaðferðafræði, matslíkana og helstu forsenda mats skýrar og auðskiljanlegar leiðbeiningar, sem skýra allar forsendur, stika, takmarkanir og óvissu varðandi líkönin og matsaðferðafræðina sem beitt er í lánshæfismatsferlinu. Í laga- og eftirlitsfyrirkomulagi Hong Kong eru kröfur til að tryggja að lánshæfismatsfyrirtæki veiti fullnægjandi leiðbeiningar sem gera notendum lánshæfismata kleift að skilja þau. Einnig er gerð krafa um að veita eftirlitsaðilanum upplýsingar um atvinnustarfsemi þeirra á sex mánaða fresti.
- 18) Með það að markmiði að styrkja samkeppni og takmarka hagsmunaárekstra innan lánshæfismatsfyrirtækjageirans innleiðir reglugerð (ESB) nr. 462/2013 kröfur í II. undirþætti E-hluta I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 um að gjöld sem lánshæfismatsfyrirtæki innheimta fyrir lánshæfismöt og stoðþjónustu ættu að vera án mismununar og á grundvelli raunverulegs kostnaðar. Það krefst þess að lánshæfismatsfyrirtæki birti tiltekna fjárhagsupplýsingar. Laga- og eftirlitsrammi Hong Kong krefst þess að lánshæfismatsfyrirtæki haldi viðskiptaskrár í samræmi við allar lögbundnar kröfur í ákveðinn tíma, birta opinberlega almennt eðli bótagreiðslutilhögunar varðandi metna aðila og skýra frá heildartekjum af veitingu lánshæfismatsþjónustu sem gerir eftirlitsaðilanum kleift að krefjast þessara upplýsinga. Að því er varðar ráðstafanir til að vernda viðskiptavinum og til að tryggja að þeir hljóti sanngjarna meðhöndlun er almenn krafa um að meðhöndla viðskiptavinum af sanngirni.
- 19) Meðalhófsreglan og áhættumiðuð nálgun er leiðbeinandi fyrir framkvæmdastjórnina við mat á reglukerfi þriðja lands. Í ljósi þeirra þátta sem rannsakaðir eru sameiginlega og tækniráðgjafar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar uppfyllir laga- og eftirlitsrammi Hong Kong fyrir lánshæfismatsfyrirtæki skilyrðin sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 og ætti áfram að teljast jafngilda laga- og eftirlitsfyrirkomulaginu sem komið er á með þeirri reglugerð.

- 20) Vegna réttarvissu ætti að samþykkja nýja framkvæmdarákvörðun og því ætti að fella niður framkvæmdarákvörðun 2014/249/ESB.
- 21) Framkvæmdastjórnin ætti, með aðstoð Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, að halda áfram að fylgjast reglulega með þróun fyrirkomulags laga og eftirlits sem gildir um lánsþæfismatsfyrirtæki, markaðsþróun og skilvirkni eftirlitssamstarfs í tengslum við eftirlit og framfylgd í Hong Kong til að tryggja viðvarandi hlítungu.
- 22) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 skal telja laga- og eftirlitsramma Hong Kong vegna lánsþæfismatsfyrirtækja vera jafngildan kröfunum í reglugerð (EB) nr. 1060/2009.

2. gr.

Framkvæmdarákvörðun 2014/249/ESB er felld úr gildi.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 29. júlí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
